

**Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 30. janúar 2014 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-40/2013:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 17. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á vélsleða, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

**II**

**Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 18. apríl sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 22. apríl. Með bréfi, dags. 24. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 8. maí. Með bréfi, dags. 10. maí, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og frest til þess til 24. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 29. nóvember, sendi kærunefndin seljanda bréf þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um viðgerð sem átti að hafa farið fram á hinu selda fyrir söluna til álitsbeiðanda. Sama dag sendi kærunefndin bréf til verkstæðis þess er átti að hafa framkvæmt umrædda viðgerð. Fengu báðir aðilar frest til 8. desember til að svara nefndinni, en engin svör bárust. Með bréfi, dags. 24. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni, ritaðri af umboðsmönnum álitsbeiðanda, kemur fram að hinn 9. nóvember 2012 keypti álitsbeiðandi vélsleðann xx-000 af seljanda fyrir kr. 800.000. Var vélsleðinn af gerðinni Ski-doo SM Summit 800R X 146, árgerð 2008. Var álitsbeiðanda tjáð að vél vélsleðans hefði öll verið tekin upp eftir 3.000 km akstur og í hana settir nýir stimplar, nýjar legur og nýhúðaðir cylendrar. Þá kom fram að eftir viðgerðina væri sleðinn ónotaður. Fram kemur að eftir að álitsbeiðandi keypti sleðann hafi hann staðið óhreyfður hjá bifreiðasalanum sem hafði milligöngu um kaupin, fram í byrjun febrúar 2013. Hinn 5. febrúar var farið með sleðann á kerru upp við Sigöldu og honum ekið þaðan og í átt að Landmannalaugum í hóp með um 20 öðrum vélsleðamönnum. Þegar komið var á móts við Frostastaðavatn drap sleðinn á sér og fór ekki í gang aftur. Hafði sleðanum þá verið ekið um 20-21 km og var hann eini sleðinn í ferðinni sem drap á sér og fór ekki aftur í gang.

Að ferð lokinni var farið með sleðann til umboðsaðila hans hérlendis, Z. Í tölvupósti frá verkstæðisformanni Z, dags. 20. mars 2013, kom fram að vélarbilun í sleðanum mætti rekja til þess að mótur hafi yfirhitnað og að mögulegar ástæður þess gætu verið loft á vatnskerfi, eða að ekið hafi verið við aðstæður þar sem kæling var ekki næg. Þá kemur fram í tölvupóstinum að loftbólur hafi sést í olíuslöngum sem smyrja vélina, en það geti einnig haft áhrif á yfirhitun og smurgetu.

Álitsbeiðandi telur að vélsleðinn hafi verið haldinn galla í skilningi 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og að seljandi eigi að greiða honum skaðabætur, líkt og heimild sé fyrir í 40. gr. sömu laga. Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við bifreiðasölu þá er hafði milligöngu um kaupin sem og við seljanda vélsleðans, til þess að fá tjónið bætt. Bifreiðasalan hafi gefið út yfirlýsingu þess efnis að seljandi hafi ábyrgst að sleðinn væri nýyfirfarinn þegar

kaupin áttu sér stað. Samkvæmt upplýsingum umboðsaðila sleðans hérlendis er áætlaður viðgerðarkostnaður kr. 352.590. Er þá ótalinn kostnaður sem hlaust af því að opna mótórin og skoða hann, sem er um kr. 20.000. Seljandi hafi gefið þá yfirlýsingu að hann hafi aðeins átt sleðann í stuttan tíma og gæti því ekki borið ábyrgð á biluninni. Kveðst álitandi þá hafa haft samband við fyrri eiganda sleðans, en sá neitaði alfarið að koma að viðgerð á honum. Hinn 8. apríl 2013 sendi álitandi seljanda kröfubréf þar sem hann fór fram á að seljandi greiddi sér skaðabætur að fjárhæð kr. 385.000 vegna galla á vélsleðanum. Tók kröfufjárhæðin mið af áætluðum kostnaði vegna viðgerðar á sleðanum, auk útlagðs kostnaðar við að meta bilunina. Fyrir kæruneftinni gerir álitandi sömu kröfu á hendur seljanda.

Meðfylgjandi álitandi er m.a. afrit af kaupsamningi og afsali vegna kaupanna, dags. 9. nóvember 2012, afrit af auglýsingu um vélsleðann, tekin af vefsíðu bifreiðasöluunnar sem hafði milligöngu um kaupin, staðfesting frá bifreiðasalanum um að seljandi hefði fullyrt að sleðinn væri nýyfirfarinn af verkstæði umboðsaðila sleðans. Afrit af tölvupóstsamskipum álitandi við starfsmann umboðsverkstæðis, afrit af kostnaðaráætlun vegna viðgerðar á sleðanum og afrit af kröfubréfi álitandi til seljanda, dags. 8. apríl 2013, en efni þess er nokkurn veginn samhljóða álitandi.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Andsvör seljanda eru rituð af A, sem seldi Y, í þessu máli nefndur seljandi, umræddan vélsleða. Í andsvörum A kemur fram að hann hafi áður verið eigandi xx-000 og þegar sleðinn hafi verið í hans eigu hafi hann bilað. Í kjölfarið hafi sleðinn farið í viðgerð á umboðsverkstæði. Þar hafi komið í ljós að stimpill vélarinnar, ásamt cylender, væri ónýtur. Óskaði A þá eftir því að skipt yrði um fleiri slithluti í vélinni. Allir varahlutir hafi verið keyptir nýir og viðgerðin unnin af þeim starfsmanni umboðsverkstæðisins sem mesta reynslu hafði við viðgerðir á vélsleðum. Vélin hafi síðan, eftir viðgerðina, verið sett aftur í sleðann af öðrum aðila, sem einnig væri fagaðili í vélsleðaviðgerðum. Það sé því ekki hægt að deila um að vélsleðinn hafi verið seldur með nýupptekinni vél og alveg óekinn. Varðandi þá bilun sem kom upp í sleðanum eftir að álitandi fékk hann í hendurnar telur A að sú bilun verði ekki rakin til þess að olíu hafi vantað á vél því þá hefði sleðinn brætt úr sér mun fyrir en eftir 20 km akstur. Það sama hefði átt sér stað ef kælivatn hefði vantað á sleðann. Tekur A fram að sleðar af umræddri gerð séu gerðir fyrir púðursnjó og því sé minna kælikerfi í þeim en öðrum svokölluðum „trail“ sleðum og því sé sleðinn mun viðkvæmari fyrir hitavandamálum. Telur A augljóst að að sá sem ók sleðanum þegar hann bilaði hafi ekki fylgst með hita sleðans og haldið áfram að aka honum eftir að hitaljós hafi kviknað í mælaborði. Hafnar A því að lokum að viðgerð á vél eða ísetning hennar hafi verið haldin galla.

#### V

##### Athugasemdir álitandi við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitandi við andsvör seljanda kemur fram að álitandi hafnar öllum rökum í andsvörum seljanda og telur þau til þess gerð að slá ryki í augu nefndarmanna. Tekur álitandi sérstaklega fram að hvorki hafi vantað olíu né vatn á umræddan vélsleða þegar hann bilaði. Það hafi bæði verið athugað af álitandi og nafngreindum þriðja aðila. Þá telur álitandi fullyrðingu í andsvörum um að ekki megi rekja orsök bilunarinnar til vanrækslu við ísetningu vélar í sleðann ekki passa við fullyrðingar starfsmanns umboðsverkstæðisins, en hann telur orsök bilunarinnar mögulega þá að loft hafi verið á kælikerfi sleðans. Þá tekur álitandi fram að honum hafi aldrei verið tjáð að einungis mætti aka vélsleðanum í tiltekinni gerð af snjó og telur álitandi að sé það rétt hafi sleðinn ekki hentað í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Ítrekar álitandi þá kröfu sína að

seljandi greiði sér skaðabætur að fjárhæð kr. 385.000.

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi vélsleðann xx-000 hinn 9. nóvember 2012 fyrir kr. 800.000. Vélsleðinn er árgerð 2008 og fyrsti skráningardagur hans 21. desember 2007. Vélsleðinn var því rétt tæplega 5 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 3.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættum vélsleða, dags. 9. nóvember 2012, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á vélsleða álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Seljandi fullyrti í auglýsingu fyrir umræddan vélsleða, að vél hans hafi verið nýupptekin. Í auglýsingunni kemur fram að öll viðgerðin hafi verið framkvæmd á umboðsverkstæði. Í andsvörum, sem rituð eru af fyrri eiganda vélsleðans, fyrir hönd seljanda, kveður hins vegar við nýjan tón og er þar fullyrt að hluti viðgerðar hafi verið framkvæmdur af

umboðsverkstæði en að hluta hjá örðum aðila. Þrátt fyrir skriflegar óskir kærunefndarinnar þar um, hefur seljandi ekki lagt fram kvittanir vegna umræddra viðgerða eða nokkrar aðrar staðfestingar á því að þær hafi farið fram. Í sjálfstæðri athugun kærunefndarinnar var kannað hvort einhver viðgerð hefði verið skráð á vélsleðann xx-000 hjá umboðsverkstæði fyrir 9. nóvember 2012, þ.e. áður en sleðinn var seldur, en ekkert slíkt fannst í skráningarkerfi umboðsverkstæðisins. Getur því kærunefndin ekki annað séð en að ekki hafi verið sýnt fram á að sú viðgerð sem fullyrt hafi verið að framkvæmd hafi verið á sleðanum fyrir kaupin, hafi farið fram. Er það því mat kærunefndarinnar að vélsleðinn hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi gaf um hann fyrir kaupin, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr.

Að auki telur kærunefndin rök standa til þess að vélsleðinn hafi verið í mun verra ástandi en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Í málinu liggur fyrir að sleðinn var ekki notaður fyrr en hinn 5. febrúar 2013 og var honum þá ekið í hóp með öðrum vélsleðum frá Sigöldu og í átt að Landmannalaugum. Eftir um 20 km akstur drap sleðinn á sér og fór ekki aftur í gang. Var sleðinn skoðaður á umboðsverkstæði skömmu eftir að hann bilaði. Þar var talið að bilunina mætti rekja til þess að vélin hefði ofhitnað og að mögulegar ástæður fyrir því gætu verið loft á vatnskerfi eða að keyrt hafi verið við aðstæður þar sem kæling hafi ekki verið næg. Eins kom fram við skoðun að loftbólur hefðu fundist í olíuslögum sem sem smyrja vélina, en það gæti einnig hafa haft áhrif á yfirhitun og smurgetu. Að mati kærunefndarinnar bendir umrædd lýsing til þess að eitthvað hafi amað að sleðanum áður en honum var ekið af stað hinn 5. febrúar 2013 og í ljósi þess að sleðinn var ekkert notaður frá því kaup fóru fram í byrjun nóvember 2012 og fram að því að farið var með sleðann í umrædda ferð, sé afar líklegt að undirliggjandi orsök bilunarinnar hafi verið til staðar við kaupin.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist þess að seljandi greiði sér skaðabætur. Við mat kærunefndarinnar á bótum er litið til þess annars vegar að vélsleðinn var rétt tæplega 5 ára gamall þegar kaupin fóru fram og því mátti álitsbeiðandi búast við því að hann þyrfti að láta framkvæma viðgerðir á sleðanum fyrr eða síðar, hins vegar ber að líta til þess að nýtt kemur í stað gamals. Skal afsláttur metinn að álitum og er hann hæfilega metinn kr. 300.000.

Kærunefndin vill einnig taka fram að vegna þess í hve stuttan tíma vélsleðinn var í umráðum seljanda er ekki útilokað að hann kunnir að eiga endurkröfurétt á hendur þeim aðila er seldi honum sleðann, en það fellur utan verksviðs kærunefndarinnar í þessu máli að fjalla sérstaklega um það.

**VII**

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 300.000.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir